

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Sóleyjarimi 4 og 6.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 8. febrúar 2013, breytingu á deiliskipulagi Smáraríma/Sóleyjaríma vegna lóðanna nr. 4 og 6 við Sóleyjaríma. Í breytingunni felst sameining lóða, breyting á byggingarreit og bílastæðum. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Guðrúnartún 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 10. apríl 2013, breytingu á deiliskipulagi Borgartúnsreits vesturs vegna lóðarinnar nr. 1 við Guðrúnartún. Í breytingunni felst stækkun á tengibyggingu. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 12. apríl 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 29. apríl 2013